

Í háttum sínum var Kant næsta einkennilegur. Hann lifði ókvæntur alla æfi og ferðaðist aldrei út úr héraðinu, sem hann var fæddur í. Störfum sínum öllum raðaði hann niður með mestu nákvæmni og gætti vandlega að breyta aldrei út af viðtekinni reglu. Sú saga er sögð um hann, að hann hafi á hverjum degi kl. 4 gengið sama strætið útúr bænum og til baka aftur sömu leið, sér til hressingar, á meðan hann var í Königsberg. Svo reglubundnar voru þessar gönguferðir að fólkið, sem á strætinu bjó hafði til síðs að setja klukkur sínar þegar það sá prófessor Kant ganga framhjá. Heima fyrir lifði hann algerlega kyrlátu lífi og gaf sig við engu nema bókum sínum. Þessi, næstum smámunalega, fastheldni við viðteknar reglur kemur í ljós í flestum ritum hans og stingur mjög í stúf við hina hlífðarlausu gagrýni haps á viðteknum skoðunum og hugsunarhætti. Ekki er það síður einkennilegt að þessi einræni og óásjálegi maður skyldi koma fram með skoðanir, sem bera vott um auðugra sálarlíf og sterkari viljakraft en skoðanir jafnvel nokkurs annars heimspekings fyr eða síðar. Ár eru vanalega dýpstar þar sem þær eru lygnastar, og margir þeir, sem yfir-lætislausastir eru búa yfir mestu.

Kant skrifaði mikið en flest af því er mjög illa skrifað hvað rithátt snertir. Hann virðist mjög lítið far hafa gert sér um að færa hugsanir sínar í fagran búning. Stíllinn er þunglamalegur og tilbreytingarlaus, og efninu er skift niður samkvæmt reglum, sem oft virðast vera aðeins til þess að gera það flókið og þungskilið. Af þessu leiðir að bækur Kants eru mjög óaðgengilegar og erfiðar, og fáa mun fýsa að lesa þær aftur eftir að lestri þeirra er lokið í fyrsta sinn; samt munu flestir, sem fara að lesa þær á annað borð, finna hvöt hjá sér til að hætta ekki fyr en þeir hafa skilið þær.

Ritum Kants er vanalega skift í tvent: þau sem hann ritaði fyrir 1770 og þau sem hann ritaði síðar. Hin fyrri bera keim af skoðunum þeim, sem ríkjandi voru í þýzkri heimspeki fyrir og um hans daga, hin síðari aftur á móti byrja nýtt tímabil, ekki einungis í heimspeki Kants heldur einnig í heimspekinni yfirleitt. Þegar hann var kominn hátt á fimtugs aldur hafði